



Fréttatilkynning
06 January 2025 08:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 1

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 17. desember 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum sem upphaflega var tilkynnt um 14. júní 2024. Í viku 1 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 860.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 107.515.000 eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Í viku 1 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 860.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 107.515.000 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tímasetning viðskipta	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
02.01.2025	10:03:09	200.000	124,00	24.800.000	105.575.857
02.01.2025	14:28:57	230.000	125,00	28.750.000	105.805.857
03.01.2025	11:25:20	250.000	125,50	31.375.000	106.055.857
03.01.2025	15:14:38	180.000	125,50	22.590.000	106.235.857
	Samtals	860.000		107.515.000	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 1 átti bankinn 105.375.857 hluti, sem nemur 5,27% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 2.792.658 hluti, sem nemur 0,14% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 344.707.013 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnum hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 18. desember síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 28. febrúar 2025.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 106.235.857 eigin hluti eða sem nemur 5,31% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.



Fréttatilkynning
06 January 2025 08:45:00 GMT

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 1](#)